

Frádráttur frá tekjum erlendra sérfræðinga

Breyting á lögum um tekjuskatt (90/2003) frá 2016 (79/2016)

Lögin tóku gildi 1. janúar 2017.

Markmið

Markmiðið er að laða að erlenda sérfræðinga, sem búa yfir nauðsynlegri þekkingu og hæfni, til starfa hér á landi og að gera fyrirtækjun auðveldara að fá til sín slíka aðila svo ekki þurfi að fara með viðkomandi starfsemi úr landi.

Starfsmaður telst vera erlendur sérfræðingur, óháð ríkisborgararétti.

Megin atriði

- Liður í styðja við fjármögnun og rekstur nýsköpunarfyrirtækja og smærri fyrirtækja í vexti er frádráttarheimild fyrir erlenda sérfræðinga sem ráðnir eru til starfa hér á landi vegna sérþekkingar sinnar og reynslu
- Uppfylli einstaklingar/sérfræðingar skilyrðin eru einungis 75% tekna þeirra tekjuskattsskyldar í þrjú ár frá ráðningu í starf
- Nefnd fer yfir umsóknir varðandi menntun, reynslu og fyrri störf

Skilyrði fyrir samþykkt

Lykilatriði er að:

- Sérfræðingurinn hafi ekki verið búsettur eða heimilisfastur hér á landi á fimm ára tímabili næst á undan því almanaksári sem hann hóf störf hérlendis,
 - Staðfesting Þjóðskrár þarf að fylgja (C125 eða C122)
- Búi yfir þekkingu eða reynslu sem ekki er fyrir hendi hér á landi eða einungis í litlum mæli

Umsókn

Umsóknin berist innan 3ja mánaða eftir að starf hefst, geri grein fyrir stöðu og hlutverki sérfræðingsins (t.d. starfslýsing):

- Sé ráðinn til lögaðila sem hefur lögheimili eða fasta starfsstöð hér á landi og greidd laun sem sérfræðingi; og
- ráðinn til að sinna verkefnum sem krefjast sérþekkingar og reynslu sem ekki er fyrir hendi hér á landi eða í litlum mæli; og
- hann starfi á sviði rannsókna, þróunar og/eða nýsköpunar, kennslu eða við úrlausn og/eða uppbyggingu sérhæfðra verkefna, eða
- hann sinni framkvæmda- eða verkstjórnun eða öðrum verkefnum sem eru lykilþættir í starfsemi fyrirtækisins.

Umsóknir á heimasíðu Rannís, www.rannis.is

Frádráttarheimild fyrir erlenda sérfræðinga

Fyrir hverja?

Sérfræðinga sem koma til starfa hingað til lands frá og með 1. janúar 2017.

Til hvers?

Frádráttarheimildin felur í sér að heimilt er að draga 25% tekna frá tekjum, þ.e. 75% tekna viðkomandi sérfræðings eru tekjuskattsskyldar, bæði í staðgreiðslu og við endanlega álagningu, fyrstu þrjú árin í starfi. Staðgreiðsla, sem haldið hefur verið eftir af heildartekjum fram að samþykkt umsóknar, er leiðrétt. Launatengd gjöld ásamt barnabótum og vaxtabótum tekur mið af heildarlaunum.

Umsóknarfrestur

Umsókn um staðfestingu ásamt fylgigögnum skal berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að erlendur sérfræðingur hóf störf hér á landi.



Opið fyrir umsóknir:

[Innskráning](#)

[Leiðbeiningar](#)

Fjöldi umsókna 2017 - 2020

	2017	2018	2019	2020
Fjöldi umsókna	83	71	111	120
Samþykktar umsóknir	70%	74%	77%	71%
Umsóknir frá fyrirtækjum	47	38	75	92
Samþykktar frá fyrirtækjum	68%	74%	72%	64%
Umsóknir stofnanir	7	13	9	13
Samþykktar frá stofnunum	86%	54%	60%	69%
Umsóknir frá háskólum	29	17	29	25
Samþykktar frá háskólum	69%	88%	100%	92%
Íslendingar koma heim e. 5 ár	5	9	21	27

RANNSÓKNIR - NÝSKÖPUN - MENNTUN - MENNING - ATVINNULÍF

HINGAÐ OG LENGRA

STUÐNINGUR  tækni 
UPPBYGGING 
SAMSTARF  ÞJÓNUSTA
KENNARASKIPTI  FRÆÐSLA
STYRKIR  listir  VÍSINDI
ALÞJÓÐASAMSTARF  ORKA
UPPLÝSINGAR  MENNINGARÁÆTLUN
 framleiðni  EVRÓPUSAMVINNA
RÁÐGJÖF  ÞRÓUN Háskólar
TUNGUMÁL  fyrirtæki  INNVIÐIR
VERÐMÆTI  STARFSNÁM
 framkvæðar 


Rannís